

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi.

*Breyting á deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar í Ásahreppi og Rangárþingi ytra.*

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykktu hreppsnefndir Ásahrepps 17. apríl 2012 og Rangárþings ytra 7. maí 2012 breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Búðarhálsvirkjun og nágrenni. Gerð var breyting á nokkrum þáttum í deiliskipulagi fyrir Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslinu 1, og eru þær eftirfarandi:

1. Afmörkun skipulagssvæðisins er breytt til að ná yfir breytta legu Búðarháslínu 1 og nýtt tengivirkvið Langöldu.
2. Iðnaðarsvæði minnkar verulega og eru afmörkuð 4 minni iðnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir nýju tengivirkvið á iðnaðarsvæði norðan við Langöldu.
3. Námur E1 - E3 færast til og stærð þeirra breytist.
4. Búðarháslína 1 er færð um 3 km til norðausturs, þar sem hún þverar Tungnaá.
5. Landnotkunarflokkurinn almennt verndarsvæði er felldur út, enda á hann sér ekki skírskotun í lögum. Sveitarfélagamörk, örnefni og aðrir kortagrunnar eru uppfærðir til samræmis við ný grunngögn.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Ormsvöllur á Hvolsvelli, Rangárþingi eystra, breyting á gildandi deiliskipulagi athafnasvæðis.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, á fundi þann 9. febrúar 2012, breytingu á gildandi deiliskipulagi athafnasvæðis við Ormsvöll á Hvolsvelli. Breytingin felur í sér að lóð 1a, sem var ætluð til byggingar athafnahúss, verður breytt í svæði til geymslu góma.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Uxahryggur 1, Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundalóðar.*

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 2. september 2010 deiliskipulag 2 ha frístundalóðar í landi Uxahryggs 1, Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið tekur til byggingar frístundahúss og gestahúss/geymslu.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Heklukot í landi Kots, Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundalóðar.*

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 1. mars 2012, deiliskipulag 2 ha frístundalóðar í landi Heklukots 1, Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið tekur til byggingarreita fyrir eitt frístundahús, tvö gestahúsa auk núverandi skemmu.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Maurholt, Rangárþingi ytra, deiliskipulag 4 frístundalóða.*

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 1. mars 2012, deiliskipulag ríflega 4 ha svæðis sem er tekið úr landi Ægissíðu 1, Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið tekur til 4 frístundalóða. Heimilt verður að byggja á hverri lóð frístundahús, gestahús og skemmu.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Sælukot, Rangárþingi ytra, deiliskipulag 21 ha lands.*

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 1. mars 2012, deiliskipulag á 21 ha landspíldu. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, 3 frístundahúsa auk hesthúss og reiðskemmu í Sælukoti.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Nr. 525

5. júní 2012

*Tjörfastaðir, Rangárþingi ytra, deiliskipulag landspildu.*

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 1. mars 2012, deiliskipulag 4 ha svæðis úr landi Tjörfastaða fyrir 4 frístundalóðir. Heimilt verður að reisa á hverri lóð frístundahús og gestahús/geymslu.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 5. júní 2012.*

F.h. Ásahrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra,  
**Rúnar Guðmundsson**, skipulagsfulltrúi Rangárþings bs.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2012